

Ed.

350. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta hefur verið sent ríkisstjórninni til umsagnar. Hefur nefndinni nú borizt svar, þar sem tekið er fram, að ríkisstjórnin mæli með frv. Nefndin fellst á að veita ríkisstjórninni heimild til að selja Siglufjarðarkaupstað umrædda jörð, en þar sem lög nr. 50 frá 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, eru úr gildi felld, þykir nefndinni ekki hlýða að vitna til þeirra um greiðslu kaupverðs, og þar sem ríkisstjórnin að sjálfsögðu ákveður kaupverð, virðist nefndinni eðlilegast, að svo verði einnig um greiðsluskilmála.

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 3. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr., frsm.

Magnús Gíslason.